

SAMÞYKKTIR

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf.

1.0 Nafn félagsins, heimili, varnarþing og tilgangur:

1.1 Félagið er samlagshlutafélag og er nafn þess FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf., kt. 651109-0510.

1.2 Löghéimili og varnarþing félagsins er að Lágmúla 9, 108 Reykjavík, Íslandi.

1.3 Tilgangur félagsins er að sjáfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, einkum íslenskum, kaup og sala fjármálagerringa, rekstur fasteigna, lánastarfssemi og annar skyldur rekstur.

1.4 Ábyrgðaraðili félagsins er FSÍ (Framtakssjóður Íslands GP) hf., kt. 491109-2110, Lágmúla 9, 108 Reykjavík.

2.0 Hlutfafé félagsins:

2.1 Hlutfafé félagsins er kr. 20.398.541— tuttugu milljónir þrjúhundruð níutíu og átta þúsund fimmhundruð fjórutíu og ein króna að nafnverði. Hlutfaféð skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar sem hluthafar eiga í félaginu á hverjum tíma. Skipting hluta í aðrar einingar er þó heimil með samþykki ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðila er ekki skylt að leggja fram hlutfafé.

2.2 Heimilt er að hækka hlutfafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til hækunarinnar sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfafé eign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkuð hlutfjár.

Ábyrgðaraðila félagsins er heimilt er að hækka hlutfafé félagsins um allt að 21.447.475 krónur að nafnverði. Hækkunarheimild samkvæmt þessu gildir til 28. febrúar 2014 að því marki sem hún er ennþá ónotuð. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfafé eign sína og gilda um nýja hluti vegna þessarar hækunar sömu ákvæði um hömlur, innlaun og réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti. Ábyrgðaraðili getur ákveðið að vika frá forgangsrétti hluthafa, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunnað. Ábyrgðaraðila er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutfafjárhækkun.

2.3 Ábyrgðaraðila félagsins er heimilt að lækka hlutfafé í tengslum við innlaun hluta eftir svofelldum reglum:

Afrakstur (sölutekjur að frádregnum beinum kostnaði vegna sölu) af sölu eigna Framtakssjóðs Íslands slhf., arðgreiðslum og/ eða fjármagnstekjum greiðist hluthöfum með eftirgreindum hætti í hlutfalli við skráða eignarhluti þeirra í sjóðnum (pro rata): Útborganir skulu ákvarðaðar sét fyrir hverja fjárfestingu. Við hverja útborgun skulu hluthafar fá greiðslu í formi lækunar á hlutfafé, annars vegar, og í formi arðgreiðslu, hins vegar, í þeim hlutföllum sem höfuðstóll, þ.e. kaupverð seldra hluta, annars vegar, og hagnaður, þ.e. afrakstur að frádregnu upphaflegu kaupverði, af sölu þeirra, hins vegar, teljast vera í söluverðinu.

Útborganir skulu eiga sér stað eins fljótt og hægt er þegar afrakstur tiltekinna eigna liggur fyrir og greiðslur hafa borist.

- 2.4 Ábyrgðaraðili félagsins skal halda hlutaskrá lögum samkvæmt og skal skrá í hana nafn eiganda hvers einstaks hlutar í félaginu ásamt dagsetningu eigendaskipta og skráningardag hverju sinni.
- 2.5 Eigendaskipti í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en ábyrgðaraðila hefur verið tilkynnt um þau skriflega.
- 2.6 Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.
- 2.7 Hluthafar, sem ekki eru ábyrgðaraðilar, bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hluti sína í félaginu. Ábyrgðaraðilar bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.
- 2.8 Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu og hluthafar þurfa ekki að seta innlausn hluta sína nema landsiög standi til annars nema í samræmi við grein 2.3 í samþykktum þessum.

3.0 Hluthafafundir:

- 3.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landsiög setja, er í höndum ábyrgðaraðila félagsins, Framtakssjóðs Íslands GP hf.
- 3.2 Aðalfund félagsins skal þó halda innan fimm mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum greinar 3.3.
- Aukafundi skal þó halda til breytinga á félagssamþykktum. Þá skal unnt að halda hluthafafundi ef talið er að samþykktir séu brotnar, ef ábyrgðaraðili félagsins telur þess þörf, eða að kröfu hluthafa sem ráða að minnsta kosti yfir einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan vera skrifleg og fundarefni tilgreint. Fund skal þá boða innan fjórtán daga frá því að krafa um fund er gerð. Ef ábyrgðaraðili félagsins skirrist við að boða fund þrátt fyrir móttöku slíkrar kröfu getur hluthafi leitað atbeina hlutafélagaskrár, sbr. ákvæði laga um hlutafélag.
- 3.3 Ábyrgðaraðili skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa með tölvupósti eða faxi, nema hluthafi hafi óskað eftir skriflegri boðun. Til aðalfundar skal boðað með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmatgur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu hið minnsta. Verði fundur ólögmatgur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmatgur til að ræða þau mál sem ræða áttu á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungu hlutafjár í félaginu hið minnsta. Hluthafafundur kys fundarstjóra og fundarritara.

Stjórn ábyrgðaraðilans getur ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum með rafrænum hætti, þ.m.t. greitt atkvæði án þess að vera á fundarstað. Í ákvörðuninni skal koma fram hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku í hluthafafundinum.

Stjórn félagsins ákveður hvaða kröfur skuli gerðar til teknibúnaðar til nota á hluthafafundum sem haldnir eru með rafrænum hætti, að hluta eða öllu leyti. Í fundarboði til hluthafafundar skulu koma fram upplýsingar um teknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundinum.

Skilyrði þess að haldinn verði rafrænn hluthafafundur er að stjórn ábyrgðaraðilans sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt. Skulu þau tæki, sem notuð eru, vera þannig gerð að tryggt sé að uppfyllt séu lagaskilyrði sem getu eru til hluthafafundar, þ.m.t. réttur hluthafa

tíl að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Tæknibúnaðurinn skal jafnframt gera það kleift að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hafa, auk niðurstöðu atkvæðagreiðslna.

Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um notkun rafræna skjalasamskipta og rafpósts í öllum samskiptum milli ábyrgðaraðilans, félagsins og hluthafa þess í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Unnt er að nota rafræn samskipti milli ábyrgðaraðilans, félagsins og hluthafa þess þrátt fyrir formkröfur sem gerðar hafa verið í ákvörðunum varðandi viðkomandi skjöl og tilkynningar. Í ákvörðuninni skal koma fram hvar hluthafar geta fundið upplýsingar um framkvæmd rafræna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar.

3.4 Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Breytingar á félagssamþykktum skulu bornar undir hluthafafund og þurfa þær að hljóta samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um samsetningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldir breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða til annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
4. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eða skylda hluthafa til að þola innlausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða eða í samræmi við grein 2.3 í samþykktum þessum.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem raska réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði.

Hluthafi getur látið umboðsmenn sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrir er.

3.5 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- 1) Ábyrgðaraðili félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
- 3) Kosning endurskoðenda.
- 4) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

3.6 Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

4.0 Félagssjórn og framkvæmdastjórn:

- 4.1 Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar. Stjórnarformaður FSÍ GP hf. kemur fram fyrir hönd FSÍ GP hf. þegar FSÍ GP hf. gegnir hlutverki stjórnar FSÍ slhf.
- 4.2 Ábyrgðaraðili félagsins er heimilt að ráða sjóðsstjóra og/ eða framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á athugun á fjárfestingarkostum, undirbúningi ákvarðana um fjárfestingar og sölu eigna, sem og daglegan rekstur, reikningshald og efturfylgni með fjárfestingum. Sjóðsstjóri kemur einnig fram fyrir hönd félagsins í málum er varða venjulegan rekstur.
- 4.3 Sjóðstjóra ber að veita ábyrgðaraðila og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber lögum samkvæmt.
- 4.4 Stjórn Framtakssjóðs Íslands GP hf. skipar ráðgjafaráð í kjölfar aðalfundar ár hvert. Hver hluthafi Framtakssjóðs Íslands skal tilnefna einn fulltrúa í ráðið og annan til vara. Hluthafi getur hvenær sem er skipt um aðal- eða varamann sinn í ráðinu en skiptin taka ekki gildi fyrir en stjórn Framtakssjóðs Íslands GP hf. berst tilkynning þar um. Ekki er heimilt að tilnefna stjórnar- og varastjórnarmenn í ráðgjafaráðið.
- Ráðgjafaráðið er umsagnaraðili um fjárfestingastefnu sem stjórn sjóðsins setur. Það fjallar um málefni er varða túlkun skilmála eigenda um stofnun félagsins eða mál sem skapað getu hagsmunarárekstra. Ráðgjafaráðið fjallar ekki um einstakar fjárfestingar. Stjórn FSÍ GP hf. getur auk þess óskað eftir að ráðgjafaráðið fjalli um önnur mál er varða Framtakssjóð Íslands GP hf. og Framtakssjóð Íslands slhf.
- Ráðgjafaráðið skal kjósa sér formann og varaformann úr sínum hópi. Á fundum ráðsins skal rituð fundargerð um það sem fram fer. Að öðru leyti setur ráðgjafaráð sér starfsreglur. Aðalfundur og hluthafafundur Framtakssjóðs Íslands GP hf. getur ákveðið að fela ráðgjafaráðinu tiltekin verkefni, svo sem að undirbúa tillögur fyrir aðalfund og/ eða hluthafafund Framtakssjóðs Íslands GP hf. og Framtakssjóð Íslands slhf.

Skrifstofa Framtakssjóðs Íslands GP hf. annast alla umsýslu vegna starfa ráðgjafaráðsins.

5.0 Endurskoðun:

- 5.1 Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag til eins árs fyrir félagið. Endurskoðandi skal rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

6.0 Ársreikningur:

- 6.1 Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.
- 6.2 Ábyrgðaraðili félagsins skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

7.0 Arðsúthlutun og varasjóðir:

- 7.1 Ábyrgðaraðili félagsins tekur einn ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð. Tíðni arðgreiðslna fer eftir ákvörðun ábyrgðaraðila hverju sinni. Óheimilt er að greiða út meiri arð en ábyrgðaraðili félagsins leggur til eða samþykkir.

- 7.2 Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykkt úthlutunar.

8.0 Félagsslit og samruni:

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. skal starfræktur allt til 28. febrúar 2019. Ábyrgðaraðila er þó heimilt að lengja lífuma sjóðsins tvisvar sinnum, um eitt ár í senn. Starfrækslutími getur því orðið að hámarki til 28. febrúar 2021.


Með tillögur um slit og skipti á félaginu að öðru leyti, breytingu í hlutafélag eða samruna við annað félag eða önnur félög skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Ábyrgðaraðili, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun á eignum þess og skuldum.

9.0 Önnur ákvæði:

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á hluthafafundi FSÍ slhf. þann 19. desember 2012 að teknu tilliti til breytingar á samþykktum vegna hækkunar hlutafjár 31. ágúst 2012, lækkunar á hlutafé á fundi þann 19. desember 2012, hækkunar á hlutafé í kjölfar stjórnarfundar 26. september 2013, lækkunar á hlutafé vegna skiptingar félagsins þann 28. nóvember 2013 og lækkunar á hlutafé þann 20. desember 2013, breytingu á grein 3.4 þann 27. mars 2014, ákvörðun stjórnarfundar 20. janúar 2015 um hækkun hlutafjár og ákvörðun hluthafafundar um lækkun hlutafjár 4. júní 2015.

Reykjavík, 4. júní 2015


Herdís Dröfn Fjeldsted,
framkvæmdastjóri